

Sumarstörf í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja

Vilt þú vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað?

Sundlaugarvörður/Starfsmaður í Íþróttamiðstöð

Starfsmenn Íþróttamiðstöðvar leitast við að veita viðskiptavinum, nemendum, iðkendum og öðrum hópum sem koma í íþróttamannvirki (Íþróttamiðstöð, Herjólfshöll og Týsheimili) undir stjórn Vestmannaeyjabæjar frábæra þjónustu í hreinu og snyrtilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi. Leitað er eftir öllum kynjum.

Starfshlutfall: 100 %

Vinnufyrirkomulag: Vaktavinna; virka daga, á kvöldin og um helgar

Ráðningartímabil: Frá 1. júní – 30. ágúst eða eftir samkomulagi

Helstu verkefni:

- Bað- og sundlaugavarsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Þrif
- Reglubundið eftirlit með tækjum og búnaði
- Framfylgja öryggis- og umgengisreglum sundlauga
- Undirbúningur fyrir viðburði í húsi
- Þjónusta við viðskiptavinum, skólabörn, kennara, þjálfara og gesti

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:

- Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri
- Krafa um gilt hæfnispróf sundstaða skv. reglugerð um öryggi á sundstöðum Boðið er upp á námskeið fyrir alla starfsmenn við upphaf ráðningar
- Hreint sakavottorð skv. Æskulýðslögum nr. 70/2007
- Gerð er krafa á ríka þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Samviksusemi, stundvísi og jákvæðni
- Sjálfstæð vinnubrögð

Laun skv. kjarasamningi : Stavey/Drífandi

Nánari starfslýsingu og upplýsingar má nálgast hjá Hákonni Helga Bjarnasyni forstöðumanni í síma 488-2401 eða í tölvupósti: hakon@vestmannaeyjar.is